

Nd.

124. Lög

um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

(Afgreidd frá Nd. 7. mars).

1. gr.

Nú hefir maður fengið málmgraftarbrjef á svæði, sem ríkið hefir ekki látið gera uppdrátt af og enginn fullkominn uppdráttur er til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námusvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt.

Áður ár er liðið frá því er uppdráttur var gerður samkvæmt 1. málsg. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgraftarbrjef hefir, hafa beiðst

útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnandarjettarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi, er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbrjef eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.